

# Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

Fundargerð 49.fundar verkefnahóps BsVest, fundurinn var haldinn þann 29. maí 2015  
kl:10:00-16:15 á Patreksfirði.

Mættar voru: Margrét Geirsdóttir, Ísafjarðarbæ, Elsa Reimarsdóttir, Vesturbyggð, Guðný  
Hildur Magnúsdóttir, Bolungarvík, María Játvarðardóttir, Strandabyggð og Sif Huld  
Albertsdóttir verkefnastjóri BsVest, sem einnig ritaði fundargerð.

## 1. Framkvæmdaráætlun

Hugmyndir um ákveðna þætti framkvæmdaráætlunar. Verkefnastjóri leggur til að félagsmálastjórar taki framkvæmdaráætlunina aftur upp á sínu svæði.

## 2. Notendaráð.

Verkefnahópur telur styrk í að hafa eitt notendaráð með sjö manns frá Vestfjörðum.  
Rætt um að hafa mögulegt notendaráð.

Verkefnastjóra falið að kanna kostnað við notendaráð og hvernig greiðslur varðandi notendaráð eru.

## 3. Sviðsmynd af neyðaráætlun BsVest.

Staða BsVest er þannig að gatið á milli áætlaðra framlaga jöfnunarsjóðs 2015 og áætlun BsVest 2015, er orðið það stórt að útilokað er að viðhalda lögbundna þjónustu án þess að til komi verulegt framlag sveitarfélaganna.

Bókun:

*Verkefnahópur telur að ekki verði gengið lengra í hagræðingu án þess að stofna lífsgæðum og öryggi fatlaðs fólks í hættu, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum, að auki verður svæðið að geta brugðist við meiri þjónustuhörf og nýjum þjónustunotendum, sem ekki er hægt að gera eins og staðan er í dag, nema sveitarfélög taki á sig verulegan kostnað.*

## 4. BsVest-dagar í haust

- a) Dagur með stjórn og verkefnahóp  
Verkefnastjóra falið að setja niður fundartíma fyrir snertifund og kalla saman fund í ágúst n.k..  
Meðal annar sem þörf er á er SIS mats fræðslu (ekki sögulegt yfirlit) frá Greiningarstöð og Jöfnunarsjóð.
- b) Starfsdagur fyrir starfsmenn í málaflokk fatlaðs fólks.  
Starfsdagurinn sem var haldin síðasta haust heppnaðist vel, verkefnastjóra falið að koma með hugmyndir af starfsdegi.
  - a) Ráðstafanir varðandi nauðung og þvingun
  - b) Einstaklingsáætlun.
  - c) Heildarsýn yfir þarfir fólks.
  - d) Valdefling, sagan um málefni fatlaðs fólks.

## 5. Endanlegt útsvar 2015.

Verkefnastjóri leggur fram endanlegt útsvar 2015 til kynningar.

## 6. Kostnaðargreining einstaklinga.

Margrét Geirsdóttir félagsmálastjóri Ísafjarðarbæjar, kynnir kostnaðargreiningu Ísafjarðarbæjar. Vinnan er kominn langt á leið.

## **7. Ársskýrsla 2014.**

Verkefnastjóri minnti á skil á ársskýrslu fyrir árið 2014.

## **8. Sumarfrí verkefnastjóra.**

Verkefnastjóri kynnti sumarfrí sitt

22-26 júní

13-19 júlí

27-31 júlí

Sif Huld Albertsdóttir  
Verkefnastjóri  
BsVest